

Desember fréttablað



Dagur íslenskrar tungu

Þann 15. nóvember komu nemendur 6. bekkjar, ásamt kennurum sínum, og lásu fyrir börnin. Þau lásu í 3-4 manna hópum og voru búin að velja bækur miðað við aldur barnanna. Þau komu vel æfð og áhugasöm og skiluðu verkinu með mikilli þryði. Þökkum við þeim kærlega fyrir komuna.



Jólasveinn

Eins og einhverjir foreldrar hafa orðið varir við þá eru 1-2 jólasveinar á hverri deild sem fara heim með börnunum og foreldrar skrifa ferðasöguna í þar til gerða bók. Sögurnar eru lesnar fyrir börnin í samverustundum á þeirra deildum. Þetta er skemmtileg tenging milli heimilis og leikskóla.



Leiksýningin Þorri og Þura

Í lok nóvember bauð foreldrafélagið upp á árlega jólaleiksýningu. Að þessu sinni varð fyrir valinu Jólasýning Þorra og Þuru. Þorri og Þura eru álfar sem eru að undirbúa jólin þegar Þorri uppgötvar að hann er búin að týna jólaandanum. Með hjálp Þuru og barnanna í Bergheimum tókst honum að finna hinn rétta jólaanda. Sýningin var skemmtileg og fangaði athygli barnanna hér í leikskólanum mjög auðveldlega. Yngri börnin sátu og horfðu á en eldri börnin tóku þátt í sýningunni með söng og svörum þegar við átti. Færum við foreldrafélaginu okkar bestu þakkir fyrir sýninguna.

Samstarf

Í nóvember komu Halla og Eddi frá Félagi eldri borgara og lásu fyrir börnin á Álfaheimum. Í byrjun nóvember kom yngri skólakórinn í heimsókn til okkar og söng nokkur lög fyrir börn og starfsfólk. Tónlistarskólinn kom líka í heimsókn í nóvember en þá kom Heimir tónlistarkennari með Guðrúnu Evu, þau spiluðu tvö lög á básúnu og trompet. Dagdvöl 9unnar kom líka í heimsókn í söngstund í nóvember mánuð. Þannig að nóvember var gestkvæmur hjá okku og þökkum við öllum kærlega fyrir komuna. Við höfum alltaf jafn gaman af því að taka á móti gestum.



Heitt súkkulaði og piparkökur

Eins og undanfarin ár ætlum við að hafa kósý stund í lóðinni einhvern morguninn í desember og fara út með heitt súkkulaði og piparkökur. Við notum tækifærið og gerum þetta þegar veður er sérlega milt og gott.

Könnun

Undanfarin ár hefur fjöldi barna síðustu daga fyrir jól og á milli jóla og nýárs ekki verið mikill. Höfum við því miður þurft að henda mat sem ekki geymist lengi s.s. grænmeti, ávöxtum og mjólkurvörum. Þar sem unnið hefur verið að því undanfarin ár að draga úr matarsóun munum við gera könnun á mætingu barnanna. Þann 12. desember fá foreldrar miða heim þar sem þeir eru beðnir um að merkja við hvernig barnið mætir þessa daga. Blaðinu þarf svo að skila til deildar 13. desember. Skráningin er ekki bindandi en er til viðmiðunar í innkaupum á viðkvæmum matvælum.

Jólaball

Jólaballið verður haldið 11. desember og eru foreldrar velkomnir og viljum við hvetja foreldra til þess að taka þátt í að dansa í kringum jólatréð með börnum sínum. Ballið verður í Ráðhúsi Ölfus og byrjar kl. 15. Nemendur úr tónlistarskólanum sjá um tónlistarflutning en undanfarin ár hefur verið sett saman jólasveina hljómsveit sem skipuð er meðlimum skólalúðrasveitarinnar sem hafa notið aðstoðar söngvara úr grunnskólanum. Óskað er eftir hjálp frá tveimur foreldrum að vera „í rauðum fötum“ á ballinu. Þeir sem hafa tök á því tali við leikskólastjóra eða sendi póst á dagny@olfus.is



Jólapeysu- jólafylgihluta dagur

13. desember ætlum við að hafa dag þar sem allir mæta í jólalegum fötum eða með jólafylgihluti. Hægt er að mæta í jólapeysum, jólasokkum með jólasveinahúfu, jólaspangir og jafnvel í jólanáttfötum.

Taupokar

Taupokarnir sem fara heim með blaut og/eða óhrein föt eru að skila sér mjög illa til baka. Vilji þið vinsamlega athuga hvort þið séuð með poka sem þið eigið eftir að skila.



Lausaganga bíla

Töluvert hefur borið á því að bílar séu skildir eftir í gangi á bílastæðinu á meðan foreldrar fara inn í leikskólann. Útblásturinn úr bílunum kemur inn um gluggana hér í leikskólanum og veldur okkur mengun og óþægindum. Vinsamlega dreyfið á bílnum á með þið farið inn í leikskólann.

Vikan 1.des.-7.des.

5. des. íþróttir allir muna eftir þægilegum fatnaði.

6. des. söngstund og **rauður** litadagur, allir koma í einhverju **rauðu** eða með eitthvað **rautt**.

Vikan 8. des.-14. des.

10. des. félag eldri borgara kemur að lesa fyrir börnin á Ás- og Dvergaheimum

11. des. jólaball í Ráðhúsinu kl. 15.

12. des. íþróttir allir muna eftir þægilegum fatnaði.

13. des. rugldagur.

13. des. jólapeysu, jólafata eða jólafylgihluta dagur

Vikan 15. des.-21. des.

18. des. er áætluð kirkjuferð ef veður leyfir.

19. des. íþróttir muna eftir þægilegum fatnaði.

20. des. söngstund.

Vikan 22.-des.- 27. des.

24. des. aðfangadagur leikskólinn er lokaður.

25. des. jóladagur leikskólinn er lokaður.

26. des. annar í jólum leikskólinn er lokaður.

Vikan 29.-des.- 4. jan.

31. des. gamlársgangur leikskólinn er lokaður.

1. jan. nýársdagur leikskólinn er lokaður.